



Umhverfis- orku- og loftlagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 31. október 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um tillögu um flokkun Kjalölduveitu og virkjunarkosta í Héraðsvötnum í biðflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar tillögu sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda um flokkun Kjalölduveitu og virkjunarkosta í Héraðsvötnum í biðflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar, mál S-143/2025. Samtökin lýsa yfir stuðningi við tillöguna.

Í kynningu um málið kemur fram að umhverfis- orku og loftlagsráðherra hafi ákveðið að setja í samráðsferli breytingu á tillögu verkefnisstjórnar verndar- og orkunýtingaráætlunar þess efnis að Kjalölduveita og virkjunarkostir í Héraðsvötnum, þ.e. Skatastaðavirkjun C, Skatastaðavirkjun D, Villinganesvirkjun og Blanda, Vestari-Jökulsá verði flokkaður í biðflokk í stað verndarflokks.

Samtökin fagna tillögu ráðherra og taka undir þau sjónarmið sem fram koma í samráðsskjali. Samtökin hafa um árabil varað við því ójafnvægi sem hefur myndast á milli framboðs og eftirspurnar á raforkumarkaði þar sem framleiðsla hefur ekki haldið í við vöxt og viðgang samfélagsins. Þunglamalegt ferli rammaáætlunar hefur ekki skilað árangri og hefur það sætt gagnrýni að verkefnastjórn verndar- og orkunýtingaráætlunar líti ekki til mikilvægra sjónarmiða á borð við orkuöryggi, orkuskipti, atvinnuuppbyggingu og verðmætasköpun. Samtökin fagna því mjög sem fram kemur í samráðsskjali að í stefnu stjórnvalda um öflun raforku verði sett töluleg markmið um aukna raforkuframleiðslu sem horft verður til við vinnslu verndar- og orkunýtingaráætlunar hverju sinni.

Með flokkun virkjunarkostanna í biðflokk í stað verndarflokks verður, að svo stöddu, komið í veg fyrir varanlega friðlýsingu svæðanna gegn orkuvinnslu. Það er í samræmi við stefnu stjórnvalda um aukna orkuöflun í þágu orkuöryggis, orkuskipta og verðmætasköpunar um land allt.

Aukið framboð raforku aðkallandi

Framangreint ójafnvægi eftirspurnar og framboðs raforku hefur leitt til hærra raforkuverðs og skerðinga á raforku með tilheyrandi áhrifum á samkeppnishæfni fyrirtækja og útflutningstekjur. Sú staða hefur skaðað samkeppnishæfni Íslands verulega. Samkvæmt nýlegri greiningu Raforkueftirlitsins hefur raforkukostnaður hjá fyrirtækjum, sem nota umtalsvert magn raforku



(á bilinu 2–20 GWh á ári), hækkað um 24% á föstu verðlagi og er það um 5% árleg hækkun.¹ Á breytilegu verðlagi hefur raforkukostnaður fyrirtækja með talsverða raforkunotkun hækkað um 65%. Raforkukostnaður dæmigerðs álvers hefur hækkað um 25% í USD á föstu verðlagi milli 2020–2025. Á breytilegu verðlagi hefur raforkukostnaður dæmigerðs álvers hækkað um 54% í USD yfir sama tímabil. Tapaðar útflutningstekjur vegna skerðinga á afhendingu raforku til stórnotenda á fyrri hluta síðasta árs námu 14-17 milljörðum líkt og samtökin bentu á í greiningu sinni frá 17. maí 2024.² Rétt er að nefna að orkusækin iðnaður stendur að jafnaði undir 23% af útflutningstekjum Íslands.

Í raforkuspá Landsnets 2024-2050 kemur fram að eftirspurn eftir raforku muni aukast um allt að 116% til ársins 2050, aðallega vegna orkuskipta í samgöngum. Samkvæmt raforkuspá Landsnets eru ekki nægilega margir virkjanakostir í nýtingarflokki til að mæta orkuskiptum. Ríkis heims keppast nú við að afla endurnýjanlegrar orku til að draga úr hlýnun jarðar. Fæst þeirra hafa sömu möguleika og Ísland til að afla endurnýjanlegrar orku. Það skýtur skökku við að á meðan skuli íslenskt samfélag flytja inn á ársgrundvelli yfir milljón tonn af olíu fyrir um 160 milljarða króna.

Samtökin fagna ákvörðun ráðherra að leggja til breytingu á flokkun Kjalölduveitu og virkjunarkosta í Héraðsvötnum í biðflokk í stað verndarflokks og hvetja stjórnvöld til að vinna áfram að stefnu sinni um aukna raforkuöflun. Stjórnvöld þurfa að leita alla leiða til að auka samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og samfélags. Í ljósi þeirra áfalla sem dunið hafa á íslenskum iðnfyrirtækjum síðustu misseri hefur það sjaldan verið meira aðkallandi.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins


Guðný Hjaltdóttir
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði

¹ [Raforkuskortur leitt til verðhækkana | Fréttasafn | Samtök iðnaðarins - íslenskur iðnaður](#)

² https://www.si.is/media/eplica-uppsetning/Greining-SI_Tapadar-utflutningstekjur-vegna-raforkuskerdingar-17-05-2024.pdf